
Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árneshreppi

Ákvörðun um matsáætlun

1. INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 20. júní 2015 sendi Verkís hf. fyrir hönd Vesturverks, Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Árneshreppi, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

1.2 Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar

Tillaga að matsáætlun. Vesturverk. Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Verkís. Maí 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Árneshreppi með bréfi dags. 17. ágúst 2015.,
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 31. júlí 2015,
- Fiskistofu með bréfi dags. 20. júlí 2015,
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvubrési dags. 17. júlí 2015,
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 14. júlí 2015,
- Orkustofnun með bréfi dags. 1. júlí 2015 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. júlí 2015.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 4. ágúst 2015.

2. NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Verkís hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Verkís hf. setti fram í bréfi dags. 4. ágúst 2015 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í köflum 3.1.1 og 5.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnispörf/efnisflutninga/haugsetningu og í köflum 3.1.2 og 5.3 um aðkomuvegi að mannvirkjum og bryggju.

Í frummatsskýrslu þarf að vera ítarleg lýsing á efnistökusvæðum og haugsetningarsvæðum, m.a. úr hvernig jarðmyndun fyrirhugað er að taka efni og sýna þarf svæðin á korti og meta þarf áhrif af efnistöku/haugsetningu á hina mismunandi umhverfisþætti.

Þá þarf í frummatsskýrslu að fjalla ítarlega um núverandi veg á kaflanum frá Norðurfirði til Ófeigsfjarðar og koma þarf ótvírætt fram að breytingar á veginum eða styrking hans séu hluti að fyrirhuguðum framkvæmdum. Gera þarf grein fyrir umfangi vegarins, efnismagni, lengd, breidd og hækkun hans, sýna þversnið af veginum og gera grein fyrir fyllingum og skeringum og leggja mat á



áhrif hans á hina mismunandi umhverfisþætti. Ennfremur þurfa sambærilegar upplýsingar eftir því sem við á að liggja fyrir um þá vegi sem leggja þarf sem aðkomu að mannvirkjum.

Tengdar framkvæmdir

Í kafla 3.1.3 er fjallað um raforkuflutning. Þar kemur m.a. fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir staðsetningu og hvernig staðið verður að frágangi raflína.

Í samræmi við 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir samlegðaráhrifum fyrirhugaðrar virkjunar og háspennulína á hina mismunandi umhverfisþætti.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um aðra kosti og þar kemur fram að fáir aðrir kostir hafa verið settir fram á virkjun Hvalár.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal í tillögu að matsáætlun m.a. lýsa framkvæmdinni og öðrum möguleikum sem til greina koma og skv. 9. gr. laganna skal ávallt gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Í athugasemdum með frumvarpi um lög um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þetta síðarnefnda lagaákvæði kemur fram að þetta ákvæði hafi mikla þýðingu því að samanburður á helstu möguleikum sé ein helsta forsendan fyrir því að raunveruleg umhverfisáhrif hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar séu metin. Í ljósi ofangreinds þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir þeim kosti eða kostum sem skoðaðir hafa verið til samanburðar við þann kost sem settur er fram í tillögu að matsáætlun.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun bendir á að hér er um að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem samanstanda af mörgum framkvæmdaþáttum á að langmestu leyti ósnortnu svæði og þarf mat á umhverfisáhrifum að taka mið af þessum staðreyndum.

Í kafla 5.4.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnafar. Skipulagsstofnun fær ekki séð að í kaflanum sé gerð grein fyrir hvernig staðið verði að mati á áhrifum á vatnafar og þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnafar og hvernig fyrirbyggjandi rannsóknir, m.a. rennislismælingar, voru notaðar við matið. Hér er átt við bæði áhrif á núverandi rennsli í árfarvegum með tilkomu virkjunar sem og stöðuvötn, sbr. það sem rakið er hér að neðan.

Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðminjar sem njóta verndar og kemur fram að **jarðminjar** sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd séu ekki þekktar á virkjunarsvæðinu ef fossar og vötn séu undanskilin.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. 37. greininni nær sérstök verndun til **jarðmyndana og vistkerfa** m.a. til stöðuvatna og tjarna 1000 m² eða stærri. Í kafla 2.3 er talin upp þau stöðuvötn sem fara undir lón og stærð þeirra við náttúrulegar aðstæður. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að hafa áhrif á sjö vötn sem eru öll mun og sum margfalt stærri heldur en 1000 m² og njóta því sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Ekki er ljóst af tillögu að matsáætlun hvernig fyrirhugað er að fjalla um í frummatsskýrslu og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vötnin og þarf í skýrslunni að vera ítarleg umfjöllun um vötnin og ennfremur þarf að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á þau með hliðsjón af verndarstöðu þeirra.

Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að í kafla 2.3 kemur m.a. fram að Nyrðra-Vatnslautarvatn sé um 1,2 km² að stærð við náttúrulegar aðstæður og í kafla 3.1 að fyrirhugað sé að hækka vatnsborð vatnsins um 18 m og að þar verði mynduð meginmiðlun virkjunarinnar sem rúmi um 80 Gl og verði 7,7 km² að flatarmáli. Þá kemur jafnframt fram í kaflanum að ráðgerð sé



töluverð stækkun á Neðra-Hvalárvatni og Neðra-Eyvindarfjarðarvatni miðað við náttúrulega stærð þeirra. Mikilvægt er að þessi mikla stækkun vatnanna sé sýnd myndrænt í frummatsskýrslu sem hluti af framsetningu áhrifamats á fyrirnefnd stöðuvötn sem njóta sérstakrar verndar. Á mynd 3.1 í tillögu að matsáætlun eru vötnin sýnd og væntanlega er dekkri litur núverandi stærð vatnanna en ljósari stærð þeirra eftir virkjun. Ef fyrirhugað er að birta þessa mynd í frummatsskýrslu þurfa þessar skýringar að vera með myndinni.

Í kafla 5.4.4 er fjallað um gróður. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um heildargróðurskerðingu gróðurlendis vegna fyrirhugaðra framkvæmda en slíkar upplýsingar ásamt upplýsingum um hugsanlega röskun á fágætum plöntutegundum eða válistategundum þarf að leggja til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdanna á gróðurfur.

Í kafla 5.4.6 er fjallað um vatnalíf og kemur m.a. fram að ekki liggi fyrir miklar athuganir á lífríki Hvalár og Rjúkanda en að fjallað verði um og lagt mat á vatnalíf í vötnum á veituleið út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Þar sem ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu skerða rennsli þarf í frummatsskýrslu einnig að fjalla um lífríki straumvatna á grundvelli athugana eða að öðrum kosti rökstyðja vandlega hvers vegna ekki sé ástæða til þess.

Í kafla 5.4.9 er fjallað um landslag og ásýnd lands.

Sem grundvöll fyrir mati á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag svæðisins þarf í frummatsskýrslu að leggja mat á gildi fyrirhugaðs áhrifasvæðis út frá tilteknum forsendum sem skilgreina þarf fyrirfram. Líklegt er að ein helstu sjónrænu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði minnkandi rennsli í ánum og þarf auk þess að sýna ásýndarbreytingar vegna mannvirkja, s.s. veitumannvirkja, vega, efnistöku- og haugsetningarsvæða á ljósmyndum fyrir og eftir framkvæmdir, að sýna hvernig ásýnd fljótanna breytist frá nokkrum sjónarhornum vegna minnkandi rennslis, m.a. í Hvalárgljúfri og við Hvalárfoss.

Í kafla 5.4.10 er fjallað m.a. um mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ferðamennsku.

Ferðamálastofa vakti máls á því í umsögn sinni sem þátt í mati fyrirhugaðra framkvæmda á útivist og ferðamennsku yrði ráðist í að afla nýrra gagna um fjölda, væntingar og viðhorf meðal þeirra sem nú sækja svæðið heim þar sem umgjörð og umfang íslenskrar ferðaþjónustu hefur tekið talsverðum breytingum frá 2011.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir sérstakri könnun meðal ferðamanna á svæðinu heldur verði stuðst við fyrirbyggjandi gögn (m.a. frá 2011) og reynt að afla viðbótargagna frá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu og sveitarfélaginu.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrirhugað framkvæmdasvæði er að langmestu leyti ósnortið eða lítt snortið og að ein helstu neikvæðu áhrif virkjunar Hvalár verða líklega á þá aðila sem stunda eða koma til með að stunda útivist og ferðamennsku á svæðinu. Í ljósi þessa og með hliðsjón af því að fyrirbyggjandi gögn eru komin til ára sinna og hinni miklu aukningu ferðamanna til landsins á undanföllum fáum árum þarf framkvæmdaraðili sem hluta af mati á umhverfisáhrifum að standa fyrir viðhorfskönnun/athugun meðal ferðamanna sem sækja svæðið heim og meðal ferðaþjónustuaðila. Niðurstöður slíkrar könnunar nýtast sem grundvöllur undir mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á útivist og ferðamennsku.



19. ágúst 2015

201505025

Skipulagsstofnun telur að þær athuganir/rannsóknir sem ráðist var í og lagðar eru til grundvallar mati á umhverfisáhrifum á hina mismunandi umhverfispætti þurfi eftir atvikum að fylgja frummatsskýrslu í viðauka.

Reykjavík, 19 . ágúst 2015

Rut Kristinsdóttir

Egill Þórarinsson

Afrit: Árneshreppur, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun